

þjóðaflugmál sem gerð var í Chicago hinn 7. desember 1944.

Secretary General of the Organization to all States parties to the Convention on International Civil Aviation done at Chicago on the seventh day of December 1944.

K. O. Rattray
forseti 22. fundar þingsins

K.O. Rattray
President of the 22nd Session of the Assembly

Y. Lambert
framkvæmdastjóri

Y. Lambert
Secretary General

Nr. 9.

10. ágúst 1979.

AUGLÝSING

um breytingar á samningi frá 12. júlí 1957 um afnám vegabréfaskoðunar við landamæri milli Norðurlandanna.

Hinn 27. júlí 1979 var undirritað í Kaupmannahöfn samkomulag milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um breytingar á samningi frá 12. júlí 1957 um afnám vegabréfaskoðunar við landamæri milli Norðurlandanna, sbr. auglýsingar í Stjórnartíðindum, C-deild, nr. 19/1965 og 9/1973.

Samkomulagið um breytingarnar er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari en það tekur gildi hinn 26. ágúst n. k.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 10. ágúst 1979.

Benedikt Gröndal.

Hörður Helgason.

Fylgiskjal.

SAMKOMULAG

milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um breytingar á samkomulagi frá 12. júlí 1957 um afnám vegabréfaskoðunar við landamæri milli Norðurlandanna.

Ríkisstjórnir aðildarríkjanna hafa orðið sammála um eftirfarandi breytingar á samkomulaginu frá 12. júlí 1957 um afnám vegabréfaskoðunar við landamæri milli Norðurlandanna.

1. gr.

2. gr. samkomulagsins frá 12. júlí 1957 orðist svo:

„Sérhvert aðildarríkjanna á að framkvæma vegabréfaskoðun hjá þeim sem koma inn í landið við norræn útmörk þess. Aðildarríki ákveður að

OVERENSKOMST

mellem Danmark, Finland, Island, Norge og Sverige om ændringer i overenskomsten af 12. juli 1957 om ophævelse af paskontrollen ved de fællesnordiske grænser.

Regeringerne i de kontraherende stater er blevet enige om følgende ændringer i overenskomsten af 12. juli 1957 om ophævelse af paskontrollen ved de fællesnordiske grænser.

Artikel 1

Artikel 2 i overenskomsten af 12. juli 1957 skal have følgende ordlyd:

„Enhver af de kontraherende stater skal foretage paskontrol af indrejsende ved sine nordiske ydergrænser. En kontraherende stat afgør i hvil-

hvaða marki vegabréfaskoðun skuli framkvæmd hjá þeim sem fara út úr landinu við norræn útmörk þess.

Sérhvert aðildarríkjanna á að nota skráningar-spjöld (komuspjöld) sem hjálpargögn við komu-
eftirlit með:

a) útlendingum með vegabréf sem eru áritun-
arskyld í einhverju aðildarríkjanna, ef þetta aðild-
arríki krefst skráningarspjalda,

b) útlendingum sem aðildarríki hefur í sam-
bandi við ákvörðun um brottvísun úr landi tilkynnt
bann við endurkomu til þess ríkis án sérstaks
leyfis“.

2. gr.

3. gr. samkomulagsins frá 12. júlí 1957 orðist
svo:

„Það ríki sem komið er til skal geyma komu-
spjaldið. Hafi útlendingurinn fengið vegabréfsár-
itun til annars norræns ríkis, skal senda því ríki
afrit af spjaldinu.“

3. gr.

1. málsg. 7. gr. samkomulagsins frá 12. júlí
1957 orðist svo:

„Ákvæði 2. og 6. gr. eiga ekki við um útlendinga
sem koma frá ríki utan Norðurlanda sem einn af
áhöfn skips. Þó skal útlendingur sem kemur frá
ríki utan Norðurlanda sem einn af áhöfn skips og
er afskráður í norrænu ríki sæta komueftirliti sam-
kvæmt ákvæðum 2. og 6. gr.“

4. gr.

8. gr. samkomulagsins frá 12. júlí 1957 orðist
svo:

„Aðildarríki skal heimilt að framkvæma úr-
taksskoðun við landamæri sín og annars norræns
ríkis. Aðildarríki getur auk þess einnig framkvæmt
vegabréfaskoðun við landamæri sín og annars
norræns ríkis, þegar það er talið nauðsynlegt til að
koma í veg fyrir veruleg brögð að því að menn fari
með ólöglegum hætti inn í ríkið vegna mismunar á
áritunarskyldu aðildarríkjanna. Ákvörðun um
þess háttar eftirlit má hverju sinni gilda í sex mán-
uði hið lengsta.“

Framkvæmi aðildarríki vegabréfaskoðun sam-
kvæmt 1. málsg. má gera útlendingi það skylt að
sýna vegabréf sitt og láta í té þær upplýsingar sem
óskað er eftir.

Nú tekur aðildarríki ákvörðun um að fram-

ken udstrækning paskontrol af udrejsende skal
finde sted ved dens nordiske ydergrænser.

Enhver af de kontraherende stater skal anvende
kontrolkort (indrejsekort) som hjælpemiddel ved
indrejsekontrol med

a) udlændinge, som er viseringspligtige i nogen
af de kontraherende stater, såfremt denne kræver
kontrolkort,

b) udlændinge, som en kontraherende stat i
forbindelse med beslutning om udvisning har
meddelt forbud mod at vende tilbage til denne
uden særlig tilladelse.“

Artikel 2

Artikel 3 i overenskomsten af 12. juli 1957 skal
have følgende ordlyd:

„Indrejsekortet skal beholdes af indrejsestaten.
Har udlændingen fået tilstået visering til en anden
nordisk stat, skal kopi af kortet sendes til denne
stat.“

Artikel 3

Artikel 7, stk. 1, i overenskomsten af 12. juli 1957
skal have følgende ordlyd:

„Bestemmelserne i artiklerne 2 og 6 finder ikke
anvendelse på udlændinge, der ankommer fra en
ikke-nordisk stat som medlem af besætningen på
et skib. Dog skal en udlænding, der er ankommet
fra en ikke-nordisk stat som medlem af besætn-
ingen på et skib og afmønstres i en nordisk stat,
indrejsebehandles i overensstemmelse med
artiklerne 2 og 6.“

Artikel 4

Artikel 8 i overenskomsten af 12. juli 1957 skal
have følgende ordlyd:

„En kontraherende stat har ret til ved sin
grænse til en anden nordisk stat at foretage stik-
prøvevis kontrol. Skønnes det nødvendigt for at
forhindre en omfattende ulovlig indrejsevirksom-
hed som følge af forskelle i de kontraherende stat-
ers viseringstvang, kan en kontraherende stat des-
uden også foretage paskontrol ved grænsen til en
anden nordisk stat. Beslutning om en sådan
kontrol må i hvert enkelt tilfælde træffes med
gyldighed for højst seks måneder.“

Såfremt en kontraherende stat foretager pas-
kontrol efter stk. 1, skal det kunne pålægges en
udlænding at forevise sit pas og give de oplysning-
er, som ønskes.

Træffer en kontraherende stat beslutning om at

kvæma vegabréfaskoðun við landamæri sín og annars norræns ríkis samkvæmt 2. og 3. málslíð 1. málsg. og fellur þá niður skylda hins norræna ríkisins samkvæmt 10. gr. til að taka aftur við þeim, sem hafa komið inn í landið á slíku tímabili.

Sérhvertt aðildarríkjanna getur við landamæri sín og annars aðildarríkis vísað frá sérhverjum útlendingi sem ekki hefur leyfi til að fara inn í hlutaðeigandi ríki“.

5. gr.

3. málsg. 10. gr. samkomulagsins frá 12. júlí 1957 orðist svo:

„Reglur þær sem gefnar eru í 1. og 2. málsg. eiga ekki við um útlending, sem dvalist hefur í því ríki, sem krefst endursendingar, í að minnsta kosti 6 mánuði talið frá þeim tíma, þegar hann með ólöglegum hætti kom inn í ríkið, eða sem eftir að hafa komið með ólöglegum hætti inn í ríkið, hefur fengið dvalar- og eða atvinnuleyfi þar. Skylda til að taka aftur við manni er háð því skilyrði, að tilmæli þar um hafi verið borin fram innan eins mánaðar eftir að yfirvöldum varð kunnugt um dvöl útlendingins í ríkinu“.

6. gr.

11. gr. samkomulagsins frá 12. júlí 1957 orðist svo:

„Að ósk aðildarríkis er hinum aðildarríkjunum skylt að framkvæma eftirgrennslan eftir útlendingi. Eftirgrennslan skal gerð án tafar þegar tilmæli um hana berast. Tilmæli um eftirgrennslan skulu hafa að geyma eins fullkomnar upplýsingar um útlendinginn og unnt er.

Í tilkynningu um að útlendingur óskist færður á eða felldur af skrám hinna aðildarríkjanna um útlendinga, sem vísað hefur verið úr landi, skal eftir því sem unnt er greina í stuttu máli ástæðuna til þess“.

7. gr.

Fylgiskjöl I—III með samkomulaginu frá 12. júlí 1957 falla brott.

8. gr.

Samkomulag þetta um breytingu tekur gildi 30 dögum eftir dagsetningu undirritunar.

Þessu til staðfestu hafa fulltrúar aðildarríkjanna undirritað samkomulag þetta.

foretage paskontrol ved grænsen til en anden nordisk stat i overensstemmelse med stk. 1, 2. og 3. pkt., ophæves tilbagetagelsespligten efter artikel 10 for den anden nordiske stat for personer, der er indrejst i en sådan periode.

Enhver kontraherende stat kan ved grænsen til en anden kontraherende stat afvise enhver udlænding, som ikke har tilladelse til at indrejse i vedkommende stat.“

Artikel 5

Artikel 10, stk. 3, i overenskomsten af 12. juli 1957 skal have følgende ordlyd:

„De i stk. 1 og stk. 2 givne regler finder ikke anvendelse på en udlænding, som har opholdt sig i den stat, der kræver tilbagesendelse, i mindst 6 måneder regnet fra tidspunktet for hans ulovlige indrejse i staten, eller som efter ulovlig indrejse har fået opholds- og/eller arbejdstilladelse der. Tilbagetagelsespligten er betinget af, at der fremsættes anmodning om tilbagetagelse inden 1 måned efter at myndighederne er blevet bekendt med udlændingens tilstedeværelse i landet.“

Artikel 6

Artikel 11 i overenskomsten af 12. juli 1957 skal have følgende ordlyd:

„På begæring af en kontraherende stat er de øvrige kontraherende stater forpligtet til at foretage eftersøgning af en udlænding. Eftersøgningen skal ske ufortøvet, efter at anmodning derom er fremsat. En anmodning om eftersøgning skal indeholde så fuldstændige oplysninger om udlændingen som muligt.

Samtidig med underretningen om, at en udlænding ønskes optaget i eller slettet i de øvrige kontraherende staters fortegnelser over udviste udlændinge, skal så vidt muligt grunden hertil i korthed angives.“

Artikel 7

Bilagene 1—3 til overenskomsten af 12. juli 1957 udgår.

Artikel 8

Denne ændringsoverenskomst træder i kraft 30 dage fra datoen for undertegnelsen.

Til bekræftelse heraf har de kontraherende staters befuldmægtigede undertegnet denne overenskomst.

Gert í Kaupmannahöfn hinn 27. júlí 1979 í einu eintaki á íslensku, dönsku, finnsku, norsku og sænsku og skal danska utanríkisráðuneytið afhenda ríkisstjórnnum hinna aðildarríkjanna staðfest afrit.

Udfærdiget i København, den 27. juli 1979 i et eksemplar på dansk, finsk, islandsk, norsk og svensk, af hvilket det danske udenrigsministerium skal overlade bekræftede kopier til de øvrige kontraherende staters regeringer.

Nr. 10.

28. ágúst 1979.

AUGLÝSING

um aðild að alþjóðasamningum um mannréttindi.

Samkvæmt heimild Alþingis í þingsályktun frá 8. maí 1979 voru framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna hinn 22. ágúst 1979 afhent fullgildingarskjöl Íslands að tveimur alþjóðasamningum um mannréttindi, annars vegar alþjóðasamningi um borgaraleg og stjórnsmálaleg réttindi og hins vegar alþjóðasamningi um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi, sem báðir voru samþykktir á 21. allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna í New York og lagðir fram til undirritunar þar hinn 19. desember 1966. Undirritun samninganna af Íslands hálfu fór fram 30. desember 1968.

Um leið og fullgildingarskjölin voru afhent gerðist Ísland einnig fullgildur aðili valfrjálsrar bókunar við fyrrnefnda samninginn, þó með fyrirvara varðandi 5. gr. 2. mgr. um heimild nefndar skv. IV. hluta samningsins til að taka fyrir erindi frá einstaklingi ef um er að ræða málefni sem er eða hefur verið til annarrar alþjóðlegrar rannsóknar eða sáttameðferðar.

Þá var með vísan til 41. gr. téðs samnings afhent yfirlýsing um að Ísland viðurkenni vald nefndarinnar til þess að taka við og athuga erindi aðildarríkis sem heldur því fram að annað aðildarríki framfylgi ekki skyldum sínum samkvæmt samningnum. Samningarnir taka gildi fyrir Ísland hinn 22. nóvember n. k.

Samningarnir tveir, ásamt fyrirvörum sem gerðir voru við þann fyrrnefnda, og valfrjálsa bókunin eru birt sem fylgiskjöl með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 28. ágúst 1979.

Benedikt Gröndal.

Hörður Helgason.

Fylgiskjal I.

ALÞJÓÐASAMNINGUR UM EFNAHAGSLEG, FÉLAGSLEG OG MENNINGARLEG RÉTTINDI

INTERNATIONAL COVENANT ON ECONOMIC, SOCIAL AND CULTURAL RIGHTS

INNGANGSORÐ

Ríki þau sem aðilar eru að samningi þessum

hafa í huga, í samræmi við grundvallaratriði þau sem sett eru fram í sáttmála

PREAMBLE

The States Parties to the present Covenant,

Considering that, in accordance with the principles proclaimed in the Charter